

# Reglur um launuð námsleyfi starfsmanna Sveitarfélagsins Ölfuss

## 1. gr.

### Hvatning til starfsfólks

Sveitarfélagið Ölfus telur mikilvægt að starfsfólk sveitarfélagsins hafi möguleika á að því að afla sér aukinnar þekkingar sem nýtist á sérsviði þeirra í starfi hjá sveitarfélaginu. Möguleiki starfsmanna á að afla sér viðbótarþekkingar fer eftir heimildarákvæðum hlutaðeigandi kjarasamninga um námsleyfi starfsmanna.

## 2. gr.

### Möguleikar á að sækja um launað námsleyfi

Starfsmaður sem uppfyllir ákvæði um heimild til að fá launað námsleyfi til að stunda fjar- eða staðnám samkvæmt þeim kjarasamningi sem hann fær laun eftir skal eiga kost á að sækja um slíkt leyfi. Gerð er krafa um að umsækjandi hafi starfað hjá sveitarfélaginu í a.m.k. tvö ár og sé að lágmarki í 75% starfshlutfalli.

Samráð skal haft við yfirmann viðkomandi stofnunar þegar sótt er um leyfið.

## 3. gr.

### Lengd námsleyfis

Hámarks lengd leyfis ákvarðast af rétti starfsmanns samkvæmt kjarasamningi viðkomandi en getur þó aldrei orðið lengra en eitt ár. Starfsmenn geta einnig sótt leyfi til skemmri tíma. Heimilt er að skipta leyfinu á tvö skólaár.

## 4. gr.

### Umsóknarferli

Sækja þarf skriflega um námsleyfi til bæjarráðs og skulu yfirmenn stofnana veita skriflegar umsagnir um umsóknir. Sækja þarf um með þriggja mánaða fyrirvara. Í umsókn skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni um leið og hún liggur fyrir.

## 5. gr.

### Mat á umsóknum

Við mat á umsókn skulu eftirfarandi atriði höfð til hliðsjónar:

- Þörf stofnana sveitarfélagsins fyrir faglært starfsfólk á viðkomandi sviði.
- Starfsaldur umsækjanda.
- Aðgengi starfsmanns að launuðu námsleyfi annars staðar, svo sem hjá stéttarfélagi.
- Fyrri umsóknir viðkomandi starfsmanns um námsleyfi.

Fjöldi samþykktra námsleyfa ræðst af fjölda umsókna, lengd samþykktra leyfa og fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss ár hvert. Bæjarráð Ölfuss áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

## 6. gr.

### Greiðslur

Starfsmaður sem fær launað námsleyfi fær greidd föst mánaðarlaun í þeim launaflokki er hann tekur laun eftir, en annar kostnaður svo sem ferða- og námskostnaður er ekki greiddur. Laun í námsleyfi miðast við föst laun og meðaltal starfshlutfalls þann tíma sem rétturinn vannst á, hafi starfsmaður ekki verið í fullu starfi.

**7. gr.**

**Upplýsingar um nýtingu námsleyfis**

Að námi loknu skulu styrkþegar skila inn prófskírteini, vottorði um námslok og/eða skriflegri greinargerð um hvernig námsleyfinu var varið. Þessi gögn berist eigi síðar en þremur mánuðum eftir að launagreiðslum í námleyfi lýkur.

**8. gr.**

**Skuldbinding til starfa hjá Sveitarfélaginu Ölfusi**

Samhliða samþykkt umsóknar um launað námsleyfi skal gerður skriflegur samningur við starfsmann um að hann komi aftur til starfa hjá Sveitarfélaginu Ölfusi að námi loknu og skal í því efni miðað við a.m.k. eins árs starfstíma að loknu árs námsleyfi.

*Endurskoðaðar reglur samþykktar á fundi bæjarráðs Sveitarfélagsins Ölfuss 18.febrúar 2021 og staðfestar í bæjarstjórn 25.febrúar 2021.*

Elliði Vignisson bæjarstjóri